

# Skýrsla til sveitarsjórnar frá sveitarstjóra, skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins

## Október 2017

Markmiðið með samantekt þessari er að efla upplýsingaflæði milli stofnana sveitarfélagsins, til sveitarstjórnar og til íbúa. Sveitarstjóri, forstöðumenn og starfsmenn skrifstofu taka saman helstu verkefni liðins mánaðar auk þess að gera grein fyrir áætluðum verkefnum komandi mánaðar. Það er von okkar að með þessu náist að varpa meira ljósi á það sem er í gangi í sveitarfélaginu á hverjum tíma og hvað er framundan. Hver og einn starfsmaður vinnur sinn part skýrslunnar og er engu breytt, því getur formið verið breytilegt.

### Frá sveitarstjóra – Andrea K. Jónsdóttir

Auk venjubundinna daglegra starfa voru verkefni sveitarstjóra helst þessi í október: Vegna alvarlegra veikinda í fjölskyldu var ég að mestu frá störfum fyrstu tvær vikurnar í október, gat þó sinnt ýmsum verkefnum í fjarvinnslu. Fundir hafa verið vegna fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. Töluverð fundarhöld og vinna hefur verið í kringum undirbúning að stofnum Vestfjarðastofu þar sem unnið er að því að renna saman í eitt félag annarsvegar Fjórðungssambandinu og hinsvegar Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Að sama skapi hefur verið töluvert álag vegna BsVest en þar er nú verið að fjalla um tillögu Ísafjarðarbæjar um að gerast leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks á Vestfjörðum en í undirbúningi er málþing á Patreksfirði og aukafundur BsVest á Reyhólum í nóvember. Kynningarfundur í síma vegna móttöku flóttafólks, þar beindust sjónir meira að Ísafjarðarsvæðinu þar sem um nokkrar fjölskyldur er að ræða og óskað er eftir að þær séu sem næst hver annari, því hentar illa að dreifa þeim um alla Vestfirði. Engu að síður fróðlegur fundur. Sveitarstjórn var með vinnufund í lok október vegna fjárhagsáætlunar 2018, annar fundur er áætlaður í byrjun nóvember.

### Frá forstöðumanni áhaldahúss – Sigurður M Þorvaldsson

Í október komu á land um 115 tonn og kom mest af því á landbeitta línu eða rúm 103 tonn, tæplega 6 og hálf af rækju og 5 tonn á handfæri, eins komu 222 tonn af rækju með bílum. Á Borgarbraut höfum við verið að grafa upp í vegrás skipta um efni, steypa við niðurföll og steypa í lækinn við hliðina á Borgarbraut 1. Tjaldsvæðinu var lokað nú í október og gengið frá en ennþá eru að stoppa bílar og gista þar og geta þá notað salernin í félagsheimilinu. Eins settum við upp ljósaustaura þ.e. við tjaldsvæðið og að Vitabraut og er nú komin fínasta lýsing á þeirri leið. Það fór í sundur vatnslögn við vegagerðina og náðum við að gera við hana. Klárað var að ganga frá brunahönum og eru komnir nýir brunahanar við Miðtún, Lækjartún og við vegagerðina. 21. október komu hér menn frá slökkviliði suðurnesja og voru með námskeið í hvernig á að klippa bíla og tókst það bara mjög vel.

### Frá skrifstofustjóra – Salbjörg Engilbertsdóttir

**Október:** Ég sótti fjármálaráðstefnu sveitarfélagana 5. og 6. október og fór síðan á námskeið í DK bókhaldskerfinu 9.-10. október. 2. október byrjaði Brynja Guðlaugsdóttir á skrifstofunni hjá okkur og er sannarlega kærkomin viðbót, hluti vinnudagsins hefur því farið í að kennslu en á móti hefur tíminn farið í vinnu við fjárhagsáætlun og svo auðvitað hin venjubundnu störf við bókhald og laun.

Framundan er að ljúka vinnu við fjárhagsáætlun og námskeið í DK bókhaldskerfinu um miðjan nóv.

**Félagsheimili:** Félagsmiðstöðin Ozon og Frístund eru í kjallara og mótuneyti fyrir yngri börnin í anddyri eða sal eftir því sem því verður komið. Opin salerni eru í anddyri allan sólarhringinn og félagsstarf eldri borgara er komið í gang í sínu rými. Búið er að koma upp skápum í ræstihvergi við efsta útgang og setja hurð með læsingu á tækjaskáp á sviði.

### Frá leikskólastjóra – Alma Benjamínsdóttir

Brynja lauk störfum 27. September.

Ásbjörn Nói hóf störf sem afleysingarstarfsmaður þann 27. September.

Berglind átti uppsafnaða sumarfrisdaga sem hún tók í september og október. Hún var í frí frá 25. September til 17. Október. Friðrik tók að sér deildarstjórn yngri deildar í hennar fjarveru og Ásbjörn Nói var einnig fastur starfsmaður yngri deildar þann tíma.

Alma leikskólastjóri kom til starfa 2. Október eftir árs fæðingar- og veikindaleyfi.

Leikskólinn er fullskipaður starfsfólki.

Aðalheiður J. Hjartardóttir leikskólakennaranemi var í vettvangsnámi hjá okkur dagana 2. – 5. Október. Þetta er í fyrsta skipti sem við fáum leikskólakennaranema til okkar en vonandi verða þeir fleiri sem vilja koma hingað.

Haldinn starfsdagur þann 9. Október frá kl.12:00-16:00. Steinunn frá Starfsleikni kom og tók einstaklingsviðtöl fyrir hádegi og hitti starfshópinn saman eftir hádegi. Það sér fyrir endan á þeirri vinnu. Þetta var mjög líklega síðasti

starfsdagurinn sem tekinn er með henni. Framhaldið verður fólgið í skypefundum með Ölmum og Aðalbjörgu. Eru áætlaðir ca 7 einstaklingsfundir og 2 -3 hópfundir.

Tvö börn byrjuðu í leikskólanum í byrjun október. Annað stoppaði stutt við og var aðeins 2 vikur. Fjöldi barna í leikskólanum er 17.

20. október héldum við Vanessuhátíð en það er fjáröflunarhátíð sem haldin er til styrktar SOS barni leikskólans. Að þessu sinni breyttum við út frá vananum og auglýstum opið hús. Ágætis mæting var á viðburðinn og voru gestir mjög duglegir að styrkja okkur. Við fengum u.þ.b. 40.000 kr á hátíðinni. Börn og foreldrar voru búin að safna 10.000 í baukinn hennar Vanessu og eigum við því fyrir árgjaldinu, jólagjöf og smá afgang fyrir næsta ár.

Grænánastarfið er farið af stað, búið er að halda einn fund og setja markmið fyrir skólaárið.

Starfsmenn eldri deildar fóru á vináttunámskeið til Reykjavíkur sem haldið var á vegum Barnaheilla. En það er forvarnarefni gegn einelti sem Barnaheill gefur út fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Byrjað verður að vinna með kennslufnið 6. Nóvember í tengslum við Baráttudag gegn einelti.

### **Frá félagsmálastjóra – María Játvarðardóttir**

Undirrituð sótti námskeið um kvíða barna og ungmenna þann 13. Október. 26. og 27. Október var ég á fundi félagsmálastjóra á Selfossi. 30. Október var fundur barnaverndarnefndar á Borðeyri sem ég sótti. Símafundur var með BsVest 25. Október.

Að öðru leyti voru störf hefðbundin, teymisfundir með fötluðum börnum í grunnskólanum, o.s.frv. auk einstaklingsmála.

### **Frá slökkviliðsstjóra – Einar Indriðason**

Nú er hefðbundin starfsemi slökkviliðs komin af stað eftir sumarið, þann 1. sept. var hefðbundin æfing og verður stefnt að því að halda minnst eina æfingu í mánuði.

Laugardaginn 20. okt. var haldin klippuæfing og til okkar komu menn frá slökkviliði Reykjanesbæjar og voru með fínt námskeið fyrir okkar fólk. Sérstaklega ánægjulegt var að á námskeiðið og æfinguna mættu 4 konur af 5 sem sóttu um að starfa með slökkviliðinu á síðasta vori, við vonum að þær haldi áfram að starfa með okkur og sú 5. bætist í hópinn.

Enn erum við að vinna að því að kaupa nýjan dælubil og, nú hefur málið tekið þá stefnu að sveitarfélagið kaupi nýjan bíl sem síðan verður smíðað yfir á Ólafsfirði, þegar þetta er skrifað er einungis eftir að taka ákvörðun um útfærslu á bíl sem keyptur verður.

Við fengum eitt útkall í október til aðstoðar slökkviliðinu á Drangnesi. Tilkynnt var um eld í húsi á Selströnd, sem betur fer var enginn eldur, en útkallið var ágæt æfing fyrir bæði slökkvilið og hvatning til frekara samstarfs.

### **Frá skólastjóra – Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir**

Verkefninu Göngum í skólann lauk 4. október með Norræna skólahlaupinu sem endaði á jóga í félagsheimili og sundlaugarskemmtun. Nokkrir þátttakendur úr samfélaginu tóku þátt í skólahlaupinu og var það sérstaklega ánægjulegt.

Þjóðleikhúsið heimsótti nemendur í 4. -10. bekk, 9. október með sýninguna Oddur og Siggi sem fjallar um mikilvægi góðra samskipta.

Haustþing kennara var haldið á Sauðárkróki 6. október.

Unglingadeildin fór í hjólaferð á Sævang og skoðaði sýninguna: Börn í sveit. Þau fóru líka í vettvangsferð í Árneshreppinn í framhaldi af lestri bókarinnar Þar sem vegurinn endar og að lokum var farið í vikuvöl í Ungmennabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal.

Kennaranemi var við vettvangsnám í skólanum í eina viku í lok október.

Kennarar unnu áfram að kennsluáætlunum, hæfni og viðmiðum í samræmi við áherslur aðalnámskrár og í samstarfi við Krístrúnu Lind Birgisdóttur ráðgjafa og fræðslustjóra. Einnig var áfram unnið að starfsáætlun og endurskoðun skólanámskrár og unnið með leiðsagnarmat með Nönnu Christianssen.

Skólastjóri sat ýmsa fundi að venju svo sem fundi vegna samfellunnar, fund nemendaverndarráðs og skólastjórafund á Reykhólum auk teymisfunda og annarra funda í skólanum.

### **Frá forstöðumanni Íþróttamiðstöðvar – Birna Karen Bjarkadóttir**

Þann 10. Október var tjaldsvæðinu lokað eftir flott sumar.

Andri Már Bjarkason var ráðinn til reynslu í Íþróttmiðstöðina og hóf hann störf þann 16. Október.

Hleypt var úr barnalaug um miðjan mánuðinn, hún þrífur vel og nú er beðið eftir svari frá verktakanaum sem lagði efnið í laugina. Hún hefur verið til vandræða í sumar, það hefur mikið verið að losna efni úr henni og svo hefur hún einnig smitað lit í sundföt.

Frystir frá Kjörís bilaði og ferja þurfti ís yfir í kaupfélag og Félagsheimili. Skipt var um viftu í frystinum.

Jarðtenging við klórstöð fyrir aðallaug slitnaði og hækkaði því laugin verulega í klór. Búið er að skipta um vír við stöðina.

Kolsýruslanga við pott 1 fór í sundur og skipta þurfti um hana.

Varahlutir í ljósin í aðallaug eru komin, og hafa ljósin verið sett í.

Ég pantaði flísar í pott 1 og pott 2. Og eigum við von á flísunum á næstu vikum.

Rafmagnstengi á ryksugunni sem ryksugar laugina bilaði, en búið er að gera við það.

Búið er að koma ljóssastaurunum fyrir á tjaldsvæði, koma þeir mjög vel út og eiga eflaust eftir að nýtast vel.